

Ed.

11. Frumvarp til laga

[11. mál]

um breyting á lögum nr. 112 frá 28. des. 1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Finnbogi R. Valdimarsson, Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (6. gr.) Af tekjum af söluskatti skv. 21. og 22. gr. laga nr. 100/1948, sbr. 2. gr. þessara laga árið 1951, skal greiða bæjar- og sveitarfélögum í landinu $\frac{1}{3}$ hluta söluskattsupphæðarinnar. Nú innheimtir bæjar- eða sveitarfélag útsvarsálag með aukaniðurjöfnun á árinu 1951, og missir það þá rétt til hluta af söluskatti samkv. þessari grein.
- b. (7. gr.) Hluta bæjar- og sveitarfélaga af söluskatti skal skipt milli þeirra í réttu hlutfalli við íbúafjölda í hverju einstöku bæjar- eða sveitarfélagi við árslok 1950. Nú hefur bæjar- eða sveitarfélag innheimt útsvarsálag á árinu 1951, og skal þá þeim hluta söluskatts, sem því hefði borið, skipt eftir sömu reglu milli annarra bæjar- og sveitarfélaga.
- c. (8. gr.) Fjármálaráðuneytið annast skiptingu á hluta bæjar- og sveitarfélaga af söluskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Af öllum þeim margvíslegu sköttum og gjöldum, sem þegnum þjóðfélagsins er gert að greiða, er söluskatturinn óvinsælastur og það ekki að ástæðulausu. Söluskatturinn er marglagður á sömu vöru og sömu þjónustu og verður því í ýmsum tilfellum mjög veruleg upphæð, sem hefur átt drjúgan þátt í að auka dýrtíðina í landinu. Söluskatturinn veldur auk þessa ýmsum truflunum í viðskiptalífínu, og er þó engin vissa fyrir því, að allur sá söluskattur, sem innheimtur er, komi endanlega til skila í ríkissjóð. Loks er söluskattur ófyrirleittinn nefskattur, sem leggst þyngst á hina fátæku í þjóðfélaginu.

Þess er að vænta, að söluskatturinn verði ekki látinn gilda nema til ársloka, og mun Sósíalistaflokkurinn beita sér fyrir því, að skatturinn verði látinn falla niður um næstu áramót.

Á fjárlagafrv. fyrir 1951 eru áætlaðar tekjur af söluskatti 55 millj. króna.

Allt bendir til þess, að þessi tekjuliður fari verulega fram úr áætlun vegna hins aukna innflutnings. Hins vegar eiga því nær öll bæjar- og sveitarfélög í landinu í hinum mestu fjárhagskröggum og það svo, að ýmis þeirra geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Á undanförnum 4 árum hefur ríkisvaldið teygst sig æ lengra í hvers konar skattlagningu og tollaálögum á almennung. Á hverju þingi þessi 4 ár hafa verið lagðir á nýir skattar, sem nema nú samtals mikið á annað hundrað milljóna króna. Með þessu hefur ríkisvaldið gengið svo nærri greiðslugetu almennings, að lítið er orðið eftir fyrir bæjar- og sveitarsjóðina til að leggja á og mjög erfitt að innheimta útsvörin. Fjárhagsörðugleikar bæjar- og sveitarfélaga eru nú orðið eitt stærsta vandamál í þjóðfélaginu, og þeir hljóta að aukast verulega, ef ríkisvaldið heldur uppteknum hætti að síauka álögur sínar jafnframt þeim ráðstöfunum, sem bankar og ríkisvald eru nú að framkvæma við að draga saman atvinnulífið í landinu og minnka atvinnuna.

Enda þótt frumv. þetta, ef að lögum yrði, leysi ekki fjárhagsvandamál bæjar- og sveitarfélaga, er það þó nokkur úrlausn til bráðabirgða.

Ekki þykir ástæða til þess, að þau bæjar- eða sveitarfélög, sem innheimta viðaukaútsvör á árinu 1951, njóti auk þess tekna samkv. frv. þessu.